

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð.

1. gr.

Sveitarfélagið Vesturbyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur í Vesturbyggð nr. 776/2003.

2. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast fráveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³-gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	89.921 kr.	61 kr.	af umfram 400 m ³
B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði	119.894 kr.	61 kr.	af umfram 400 m ³

Stofngjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 184,7 stig í október 2023 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

3. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vesturbyggð eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði, sem fráveita hefur verið lögð í, ber að greiða árlegt fráveitugjald til sveitarsjóðs.

Upphæð fráveitugjaldsins ákvarðast árlega af bæjarstjórn Vesturbyggðar við álagningu fasteignagjalda og er nú 0,28% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða og 0,50% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Sé ekkert mannvirki á lóð greiddast ekki fráveitugjöld.

4. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar getur samþykkt að fella niður eða lækka fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 7. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

6. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiddast með fasteignasköttum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 389. fundi 13. desember 2023, sbr. samþykkt um fráveitur í Vesturbyggð nr. 776/2003, staðfestist hér með skv. 1. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir

Nr. 1693

13. desember 2023

nr. 7/1998. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð nr. 1497/2022.

Vesturbyggð, 13. desember 2023.

Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2024